



Íbúaráð Breiðholts

***Efni: Fyrirspurn fulltrúa foreldrafélaga í íbúaráði Breiðholts um aðstöðu frístundaheimila í Breiðholti.***

Á fundi íbúaráðs Breiðholts þann 3. maí 2021 lagði fulltrúi foreldrafélaga í ráðinu fram svohljóðandi fyrirspurn, sbr. 9. liður fundargerðar sama dag:

*„Aðbúnaður frístundaheimila er ansi misjafn eftir skólum. Fulltrúi foreldrafélaga Breiðholts óskar eftir upplýsingum um stefnu borgarinnar varðandi aðstöðu frístundaheimila og hvort það séu áætlanir um að bæta aðstöðu. Einnig hafa verið uppi raddir um að frístundaheimilin yrðu flutt að einhverju leyti inn í skóla, óskað er eftir frekari upplýsingum varðandi flutning frístundaheimila“.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Í Breiðholti eru starfrækt 7 frístundaheimili þar af tvö safnfrístundaheimili eingöngu fyrir börn í 3. og 4. bekk, Hraunheimar og Regnboginn og fjögur eingöngu fyrir börn í 1. og 2. bekk, Vínafell, Álfheimar, Vínahéimur og Vínasel. Frístundaheimilið Bakkasel sækja börn úr 1. – 4. bekk Breiðholtsskóla.

Í frístundaheimilinu Álfheimar dvelja börn úr 1. og 2. bekk Hólabrekkuskóla og er það staðsett í Hólabrekkuskóla. Vínafell er frístundaheimili fyrir börn í 1. og 2. bekk í Fellaskóla og er með aðstöðu í Fellaskóla. Í safnfrístundaheimilinu Hraunheimar eru börn úr 3. og 4. bekk Hólabrekkuskóla og Fellaskóla. Frístundaheimilið er með aðstöðu í Hraunbergi 12.

Vínasel er frístundaheimili fyrir börn í 1. og 2. bekk Seljaskóla og er staðsett við Kleifarsel 18. Í frístundaheimilinu Vínahéimur dvelja börn úr 1. og 2. bekk Ölduselsskóla og er með aðstöðu í Ölduselsskóla. Í safnfrístundaheimilinu Regnboganum dvelja börn úr 3. og 4. bekk Seljaskóla og Ölduselsskóla. Frístundaheimilið er staðsett við Hólmasel 4-6 og samnýtir húsnæði með Hólmaselí félagsmiðstöð barna og unglinga í Seljahverfi.

Í frístundaheimilinu Bakkaseli dvelja börn sem eru í 1. til 4. bekk Breiðholtsskóla. Frístundaheimilið er staðsett í tveimur færanlegum stofum á skólalóð Breiðholtsskóla.


Á síðasta ári var gerð ítarleg úttekt á öllu skóla- og frístundahúsnæði í borginni þar með talið ofangreindum frístundaheimilum. Ástandsskýrsla byggð á þessum úttektum er í vinnslu og er fyrirhugað að kynna hana í næsta mánuði. Nákvæmar upplýsingar um ástand hvers starfsstaðar munu þá verða aðgengilegar sem og áætlaður kostnaður við nauðsynlegt viðhald

og endurbætur.

Samkvæmt Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 er almennt gert ráð fyrir því að starfsemi frístundaheimila fari fram í húsnæði grunnskóla. Áhersla Reykjavíkurborgar er á sjálfbærni og samnýtingu húsnæðis og hefur áhrif á skipulag húsnæði skóla- og frístundastarfs. Í *Græna plani* Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að nýta vel húsnæði borgarinnar og samnýta rými fyrir ólíka þjónustu sé þess nokkur kostur.

Vegna fyrirhugaðra endurbóta á húsnæði Seljaskóla var nýverið skipaður starfshópur sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögur um húsnæðismál Seljaskóla, frístundaheimilisins Vinasels (1. og 2. bekkur) og safnfrístundaheimilisins Regnbogans (3. og 4. bekkur) og félagsmiðstöðvar fyrir börn og unglunga Seljaskóla sem í dag sækja Hólmasel, til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga í Seljahverfi að leiðarljósi. Starfshópnum var falið að skoða fýsileika þessa að færa frístundastarf Regnbogans og Hólmasels sem snýr að nemendum Seljaskóla inn í Seljaskóla. Einnig að koma með tillögur að bættu rými fyrir frístundaheimilið Vinasel innan Seljaskóla. Starfshópnum var einnig falið að koma með tillögur að endurbótum á húsnæði Seljaskóla, rýna það sem þarf að endurnýja og skoða nýtingarmöguleika út frá samstarfi og samnýtingu skóla- og frístundastarfs og jafnvel mögulegri viðbyggingu. Starfshópurinn skilar tillögum í sumar.

Virðingarfyllst



sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs